

272. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 12. DESEMBER 2017 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Víglubiskupskjör í Skálholti, stöðuskýrsla, formaður kjörstjórnar kirkjunnar kemur til fundarins.
3. Kirkjuþing
4. Kirkjuþing 2017. Mál sem ganga til kirkjuráðs. Forseti kirkjuþings og formenn fastanefnda þingsins eru boðaðir til fundarins.
5. Fjármál
 - a) Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs 8. desember 2017 ásamt tillögum um fjárhagsáætlanir Biskupsstofu, Kirkjumálasjóðs, Kristnisjóðs, Skálholtsstaðar og Tónskóla þjóðkirkjunnar 2018.
 - b) Ársreikningur Kirkjumálasjóðs 2016.
 - c) Ársreikningur Hjálparstarfs kirkjunnar.
 - d) Þorgeirskirkja, erindi til biskups.
 - e) Starfsmannamál víglubiskupsembættanna.
 - f) Tillaga um aukafjárheimildir vegna breyttra forsendna.
 - g) Holt, Friðarsetur, erindi til kirkjuráðs.
 - h) Breiðholtskirkja, Verkís, tilboð í ástandsskoðun.
6. Fasteignir
 - a) Fundargerð kirkjustarfs- fasteignahóps kirkjuráðs 11. desember 2017.
 - b) Fjarðarskel, Hvalfirði, afsal og lóðarleigusamningur 2012.
 - c) Hof í Vopnafirði, málefni fyrrum sóknarprests.
 - d) Laugavegur 31, hugmyndir að breytingum á jarðhæð.
 - e) Melstaður, endurnýjun á háspennulínu.
 - f) Norðurhjari, ferðaþjónustusamtök, Skeggjastaðir.
 - g) Skútustaðir, 2017, Veiðifélag Mývatns, matsnefnd, arðskrámat.
 - h) Vatnaskógur, eignarhaldsmál.
 - i) Valþjófsstaður, Kröflulína 3, samningafundur, Lögmenn Höfðabakka.
 - j) Reykhólar, prestbústaður, tilboð um kaup á íbúð í raðhúsi.
 - k) Reykholtsskógar, samningur, erindi til kirkjuráðs.
 - l) Staðastaður, auglýsing um laust embætti.
 - m) Mosfell í Grímsnesi, leigusamningur og erindi.

7. Málefni Skálholts

- a) Arkitektasamkeppni vegna breytinga á vígslubiskupshúsi.
- b) Umsókn Kirkjumálasjóðs um styrk úr húsafriðunarsjóði 2018 vegna verkefnisins:
Viðgerð á gluggum Gerðar Helgadóttur í Skálholtsdómkirkju.
- c) Samstarfssamningur við Alta, ráðgjafarfyrtæki vegna uppbyggingar í Skálholti.

8. Útgáfa nýrrar sálmabókar. Sálmabókarnefnd, erindi til kirkjuráðs 30.11.17.

9. Önnur mál.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst kl. 9:30. Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands stýrði fundi. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Gísli Gunnarsson, séra Elínborg Gísladóttir, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Þorvaldur Víðisson biskupsritari og Guðrún Finnbjarnardóttir ritari kirkjuráðs sem ritaði fundargerð.

Til fundarins komu eftirtaldir: Hjördís Stefánsdóttir formaður kjörstjórnar þjóðkirkjunnar (liður 2). Skúli Guðmundsson lögfræðingur kirkjuráðs, Magnús E. Kristjánsson forseti kirkjupings og formenn fastanefnda kirkjupings, Steindór Haraldsson, sr. Gísli Jónasson og Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir (liðir 2 og 3). Sr. Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup emeritus (liðir 2, 3 og 6)

2. VÍGSLUBISKUPSKJÖR Í SKÁLHOLTI, STÖÐUSKÝRSLA FORMANNS KJÖRSTJÓRNAR KIRKJUNNAR

Hjördís Stefánsdóttir formaður kjörstjórnar kirkjunnar flutti skýrslu sína og lagði f.h. kjörstjórnarinnar fram neðangreinda tillögu sem hlaut samþykki kirkjuráðs:

Tillaga kjörstjórnar vegna kjörs til vígslubiskups í Skálholti árið 2018

Tilnefning 2. -7. febrúar 2018

Útsending kjörgagna (kosning hefst) 9. mars 2018

- 12. jan. Skilyrði kosningarréttar uppfyllt - (föstudagur - fram að miðnætti).
- 19. jan. Kjörskrá lögð fram á hádegi - (föstudagur - tveimur vikum áður en tilnefning hefst).
- 2. feb. Tilnefning hefst á hádegi – (föstudagur – tveimur vikum frá því að kjörskrá var lögð fram og a.m.k. **fimm vikum** áður en vígslubiskupskosning hefst).
- 7. feb. Tilnefningu lýkur á hádegi (miðvikudagur). **Niðurstaða tilnefningar liggur fyrir.**

(Heimilt að kæra niðurstöðuna til yfirkjörstjórnar – skal kært innan sólarhrings – yfirkjörstjórn skal komast að niðurstöðu eigi síðar en tveimur sólarhringum síðar).

- 9. mars **Útsending kjörgagna – kosning hefst - (föstudagur).**
- 21. mars Síðasti skiladagur atkvæðis (miðvikudagur).
Fjórir virkir dagar að líða.
- 28. mars **Talning atkvæða - niðurstaða liggur fyrir** (miðvikudagur fyrir páska).
- 3. apríl Heimilt að kæra niðurstöðu kosninga til kl. 16:00.
- 12. apríl Í síðasta lagi - Yfirkjörstjórn kveður upp úrskurð sinn.

Ef til þess kemur að enginn frambjóðandi fái meiri hluta greiddra atkvæða þá þarf að kjósa á nýjan leik. Tímaferlar vegna þeirrar kosningar gætu verið skv. neðangreindu, en það athugist að ef ekki kemur fram kæra – væri hægt að færa dagsetningar aðeins frammar. **Endanleg ákvörðun um þessar dagsetningar yrði hins vegar ekki tekin fyrir en að fyrri kosningu lokinni.**

- 20. apríl **Útsending kjörgagna – kosning hefst - (föstudagur).**
- 4. maí Síðasti skiladagur atkvæðis (föstudagur).
- 12. maí Talning atkvæða hefst (laugardagur) – **Niðurstaða liggur fyrir.**
- 15. maí Heimilt að kæra niðurstöðu kosninga til kl. 16:00.
- 25. maí Í síðasta lagi - yfirkjörstjórn kveður upp úrskurð sinn.

3. KIRKJUÞING

Kirkjuþing 2017. Mál sem ganga til kirkjuráðs. Forseti kirkjuráðs hafði framsögu um málin.

a) *1. mál. Skýrsla kirkjuráðs til kirkjuþings.*

Kirkjuþing 2017 ályktar um mikilvægi þess að bæta stöðu kynningar- og upplýsingamála þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing ályktar að tímabært sé að auka samstarf og sameiningu sókna, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli og tekur undir það að jöfnunarsjóður sókna veiti sóknum sem sameinast fjárstyrki vegna þess. Forseti kirkjuráðs lagði til að sérstakt átak verði gert til að tryggja máli þessu framgang.

Kirkjuþing ályktar að starfshópur um skírnarfræðslu, sbr. áfangaskýrslu á fylgiskjali með skýrslu kirkjuráðs, sem lögð hefur verið fram á kirkjuþingi til kynningar, haldi áfram störfum og leggi fyrir næsta kirkjuþing tillögur sínar í samræmi við framangreinda áfangaskýrslu. Lagt til að veitt verði einni milljón króna í verkefnið.

b) *7. mál. Þingsályktun um hlutdeild unga fólksins í kirkjustarfi og stjórn.*

Kirkjuþing 2017 beinir því til biskups Íslands, forsætisnefndar kirkjuþings og kirkjuráðs að fara yfir eigið skipulag og starfsemi, svo og þær nefndir og önnur fjölskipuð stjórnvöld, nefndir og ráð sem starfa á þeirra vegum og leggja fram á kirkjuþingi 2018, eftir því sem þurfa þykir, tillögur að nauðsynlegum breytingum á starfsreglum til að ná markmiðum í ályktun tólfta þings Lúterska heimssambandsins frá árinu 2017 um þátttöku unga fólksins í stjórn aðildarkirkna sambandsins.

Kirkjuráð ályktar að starfsliði þess verði falið að vinna að framgangi málsins.

c) *8. mál Þingsályktun um jöfn hlutföll kynja í stjórnnum, nefndum og ráðum innan þjóðkirkjunnar.*

Kirkjuþing 2017 ályktar að jöfn hlutföll kynja skuli ávallt vera í öllum stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum þjóðkirkjunnar, eins og kveðið er á um í jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar frá 2009, með síðari breytingum. Skulu að jafnaði sitja þar að minnsta kosti 40% konur og að minnsta kosti 40% karlar. Kirkjuráð fylgi því eftir að við þessi viðmið sé staðið eins og kostur er.

d) *10. mál Þingsályktun um ráðningu jafnréttisfulltrúa þjóðkirkjunnar.*

Kirkjuþing 2017 samþykkir að fela kirkjuráði að auglýsa stöðu jafnréttisfulltrúa og ráða í hana. Um hálf starf er að ræða og mun jafnréttisfulltrúinn vinna náðið með jafnréttisnefnd kirkjunnar að framkvæmdaáætlun jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar auk þess að vinna að jafnréttismálum kirkjunnar almennt. Hér er um tilraunaverkefni til fimm ára að ræða. Kirkjuráð felur framkvæmdastjóra að leggja drög að lýsingu á umbúnaði starfsins og auglýsingu um það og kynna kirkjuráðsmönnum fyrir næsta fund.

e) *11. mál Þingsályktun um Víkurgarð í Reykjavík.*

Kirkjuþing 2017 felur kirkjuráði að koma á framfæri við þar til bær stjórnvöld að lög og reglur um niðurlagða kirkjugarða séu virt hvað varðar Víkurgarð í Reykjavík. Ennfremur vill kirkjuþing benda á að í 33. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 segir: „Niðurlagðan kirkjugarð má ekki nota til neins þess sem óviðeigandi er að dómi prófests (prófasta). Ekki má þar jarðrask gera né reisa nein mannvirki.“

Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að koma ályktuninni á framfæri við rétt yfirvöld.

- f) *16 mál Þingsályktun um umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar. Atriði í aðgerðaráætlun umhverfismála fyrir árin 2018-2020.*

Kirkjuráð ályktar að umhverfisnefnd og starfsmaður hennar vinni að framgangi áætlunarinnar.

- g) *18. mál Þingsályktun um að auka tengsl þjóðkirkjunnar við samtök evangelískra kirkna í Evrópu GEKE/CPCE.*

Kirkjuþing 2017 samþykkir að beina því til biskups Íslands að kanna möguleika á auknu samstarfi þjóðkirkjunnar við samtök evangelískra kirkna í Evrópu sem miði að því að kirkjuþing 2018 fái til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn um fulla aðild að samtökunum.

- h) *19. mál Starfsreglur um kjör til kirkjuþings.*

Upplýst var að fjórar starfsreglur sem kirkjuþing 2017 samþykkti hefðu verið birtar í Stjórnartíðindum. Starfsreglurnar eru þessar:

1. Breyting á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum var birt 27. nóvember og er nr. 1024/2017.
2. Starfsreglur um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar voru birtar 8. desember og eru nr. 1074/2017.
3. Starfsreglur um kjör til kirkjuþings voru birtar 8. desember og eru nr. 1075/2017.
4. Breyting á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum var birt 8. desember og er 1076/2017.

- i) *Uppstillingarnefnd*

Fram kom tillag um að kirkjuráð skipi uppstillingarnefnd þjóðkirkjunnar skv. 1. mgr. 18. gr. starfsreglnanna.

- j) *6. mál Starfsreglur um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar.*

Óskað var eftir umræðu um málið. Fram kom það álit málshefjanda að eðlisbreyting hefði orðið á starfi organista með samþykkt starfsreglnanna og líklegt að kærumálum myndi fjölga. Jafnframt að ráðning til eins árs í senn væri ekki líkleg til árangurs.

- k) *Fyrirspurnartími á kirkjuþingi.*

Óskað var eftir umræðu um málið. Fram kom það álit málshefjanda að verið væri að blanda saman undirbúnum og óundirbúnum fyrirspurnum. Forseti kirkjuþings upplýsti að tvær greinar í þingsköpum fjölluðu um fyrirspurnir. Gert væri ráð fyrir að sá sem fyrirspurn beindist að hefði 24 stundir til að undirbúa svar sitt. Spurning væri hvort nýs kirkjuþings biði að endurskoða þingsköp kirkjuþings hvað þetta varðaði. Fram kom sú hugmynd að skilafrestur fyrirspurna til kirkjuþings yrði sá sami og mála sem lögð eru fyrir þingið.

- l) *Fundartími framhaldsfundar kirkjuþings.*

Forseti kirkjuþings lagði fram tillögu um að framhaldsfundur kirkjuþings yrði 10. mars 2018 í Vídalínskirkju. Tillagan var samþykkt. Kirkjuráð ályktar að fundur kirkjuráðs í mars verði hinn 6. þess mánaðar.

4. FJÁRMÁL

- a) *Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs 8. desember 2017 ásamt tillögum um fjárhagsáætlanir Biskupsstofu, Kirkjumálasjóðs, Kristnisjóðs, Jöfnunarsjóðs sókna, Skálholtsstaðar og Tónskóla þjóðkirkjunnar 2018.*

Tekin fyrir fjárhagsáætlun biskupsstofu.

Farið var yfir greinargerð áætlunarinnar og hún skýrð. Tekjur eru áætlaðar 2.377.588.113, gjöld 2.275.582.818, fjárfestingagjöld 11.800.000 og tekjuafgangur 90.205.295.

Tekin fyrir fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs.

Áætlaðar tekjur af almennri starfsemi eru 260.036.000, gjöld sama fjárhæð. Áætlaðar tekjur af rekstri fasteignasviðs eru 126.579.000 og gjöld sama fjárhæð. Áætlað er því að jöfnuður verði í rekstri sjóðsins. Við umræður um áætlunina kom fram það álit að afkoma sjóðsins væri óviðunandi í ljósi þess að framlag til viðhalds og framkvæmda væri orðið allt of lágt og að óhjákvæmilegt væri að hefja þegar vinnu við endurskoðun áætlunarinnar vegna þessa.

Tekin fyrir fjárhagsáætlun Kristnisjóðs. Tekjur eru áætlaðar 131.200.000 gjöld eru áætluð 141.943.065 tekjuhalli verður 10.743.065.

Tekin fyrir fjárhagsáætlun Skálholtsstaðar. Áætlunin gerir ráð fyrir að tekjur verði kr. 100.663.616, gjöld verði kr. 98.012.329 og tekjuafgangur verði kr. 2.651.287. Áætlunin gerir ráð fyrir að framlög Kirkjumálasjóðs, Kristnisjóðs og Jöfnunarsjóðs hækki um samtals 7. m.kr.Kirkjuráð ályktar að fresta afgreiðslu áætlunarinnar og taka fyrir að nýju á næsta fundi.

Tekin fyrir fjárhagsáætlun Jöfnunarsjóðs sókna. Áætlunin gerir ráð fyrir að tekjur verði 380.700.000, gjöld verði 274.000.000, tekjuafgangur verði 106.700.000.

- b) *Ársreikningur Kirkjumálasjóðs 2016.*

Ársreikningurinn lagður fram. Tekinn fyrir rekstrarreikningur. Tekjur voru kr. 363.296.731. Gjöld voru kr. 472.277.886. Tekjuhalli fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld var kr. 108.981.155. Tekjuhalli var kr. 146.147.337. Tekinn fyrir efnahagsreikningur. Eignir voru kr. 3.565.596.585. Skuldir voru kr. 385.525.259. Eigið fé var kr. 3.180.071.326. Kirkjuráð samþykkir ársreikninginn og felur framkvæmdastjóra að senda hann Ríkisendurskoðun til endurskoðunar.

- c) *Ársreikningur Hjálparstarfs kirkjunnar.*

Ársreikningurinn lagður fram til kynningar.

- d) *Þorgeirskirkja, erindi til biskups.*

Erindið lagt fram. Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að taka upp viðræður við sóknarnefndina.

- e) *Starfsmannamál vígslubiskupsembættanna.*

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra. Málið var áður á dagskrá 259. fundar kirkjuráðs og þar bókað að kirkjuráð feli framkvæmdastjóra í samráði við biskup Íslands að leggja mat á umsvif biskupsþjónustu vígslubiskupanna og hvaða kostnaður fylgi henni. Í framhaldi af því verði málið aftur tekið upp á vettvangi kirkjuráðs og ákveðið hvaða fjárheimildir sé eðlilegt að fylgi þessari starfsemi. Kirkjuráð ályktar að hækka starfshlutfall ritara vígslubiskups á Hólum í 20%.

f) *Tillaga um aukafjárheimildir vegna breyttra forsendna.*

1. Vígslubiskup í Skálholti fer fram á 3. m.kr. aukafjárheimild vegna kostnaðar við deiliskipulagsvinnu. Ástæða beiðinnar er sú að skipulagsvinnan tók skemmri tíma en áætlað var og fellur því á yfirstandandi ár. Því er um að ræða að færa fjárheimild sem þessu nemur yfir á þetta ár en samsvarandi fjárheimild næsta árs komi til lækkunar.

2. Kostnaður við úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar er kominn fram úr áætlun ársins sem var kr. 1.001.120. Kostnaðurinn er í dag orðinn kr. 1.100.706 og formaður nefndarinnar telur að ekki verði komist hjá því að kalla til sérfróðan aðila í þeim fimm málum sem nefndin hefur til afgreiðslu. Lagt er til að veitt verði 200 þ.kr. viðbótarfjárheimild.

3. Á 241. fundi kirkjuráðs hinn 14. desember 2015 samþykkti kirkjuráð að veita 2,5 m.kr. fjárheimild í verkefnið Samráðs- og vinnufundur Alkirkjuráðsins og þátttaka í ARCTIC CIRCLE ráðstefnunni 2016. Fjárheimildin var ekki nýtt á síðasta ári. Farið er fram á að fá að flytja hana yfir á yfirstandandi ár.

Tillögurnar voru samþykktar.

g) *Holt, Friðarsetur, erindi til kirkjuráðs.*

Erindið lagt fram. Kirkjuráð fagnar verkefninu enda feli það ekki í sér skuldbindingar fyrir Kirkjumálasjóð.

h) *Breiðholtskirkja, Verkís, tilboð í ástandsskoðun.*

Kirkjuráð, 270. fundur ályktaði að fela framkvæmdastjóra að fá tilboð í að láta kanna hvað mat á viðhaldspörf kirkjunnar kostar. Tilboðið lagt fram. Jafnframt lagt fram tilboð í mat á viðhaldspörf Fella- og Hólakirkju. Kirkjuráð ályktar að tilboðinu verði tekið. Kostnaður greiðist af framlagi Jöfnunarsjóðs vegna undirbúnings sameiningar sóknanna.

5. FASTEIGNIR

a) *Fundargerð kirkjustarfs- fasteignahóps kirkjuráðs 11. desember 2017.*

Málið tekið af dagskrá. Fyrirhuguðum fundi var frestað.

b) *Fjarðarskel, Hvalfirði, afsal og lóðarleigusamningur 2012.*

Erindið lagt fram. Það varðar aðilaskipti að réttindum er varða mannvirki og hugsanlegan leigurétt að Saurbæjarlandi í landi Saurbæjar, fnr. 210-4374 í Hvalfjarðarsveit. Kirkjuráð gerir ekki athugasemdir við aðilaskiptin og samþykkir þau fyrir sitt leyti.

c) *Hof í Vopnafirði, málefni fyrrum sóknarprestis.*

Tekinn fyrir 1. liður málsins. Kirkjuráð samþykkir niðurstöðu fasteignasviðs. Tekinn fyrir 2. liður málsins. Kirkjuráð vísar til sama máls sem tekið var fyrir á 268. fundi ráðsins og ályktar að eðlilegt sé að fyrrum sóknarprestur segi sig úr stjórn veiðifélags Hofsár og Sunnudalsár þar sem nýr sóknarprestur hefur tekið við. Tekinn fyrir 3. liður málsins. Kirkjuráð telur að öllu leyti hafa verið farið réttilega að og málsmeðferðin öll verið skv. lögum.

d) *Laugavegur 31, hugmyndir að breytingum á jarðhæð.*

Lagðar fram teikningar að breytingunum. Kirkjuráð ályktar að fela fasteignasviði og framkvæmdastjóra að láta gera kostnaðaráætlun og að kanna aðrar hugsanlegar útfærslur að breytingum jarðhæðarinnar.

- e) *Melstaður, endurnýjun á háspennulínu.*
Erindi RARIK ohf. ásamt drögum að samkomulagi vegna lagningar jarðstrengja lagt fram. Kirkjuráð samþykkir að ganga til samkomulagsins og áritar það til staðfestingar.
- f) *Norðurhjari, ferðaþjónustusamtök, Skeggjastaðir.*
Erindið lagt fram. Kirkjuráð ályktar að vísa því til meðferðar í kirkjustarfs- fasteignahópi ráðsins.
- g) *Skútustaðir, 2017, Veiðifélag Mývatns, matsnefnd, arðskrármat.*
Lagt fram erindi Matsnefndar skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 varðandi arðskrármat fyrir Veiðifélag Mývatns. Framkvæmdastjóra falið að afla upplýsinga um núverandi mat.
- h) *Vatnaskógur, eignarhaldsmál.*
Lagt fram erindi Davíðs Arnar Sveinbjörnssonar LL.M, hdl. f.h. Skógarmanna KFUM. Málið var áður á dagskrá 241. fundar. Kirkjuráð ályktar að fela kirkjustarfs- fasteignahópi að vinna málið.
- i) *Valþjófsstaður, Kröflulína 3, samningafundur, Lögmenn Höfðabakka.*
Lagt fram fundarboð lögmannsstofunnar. Kirkjuráð ályktar að fela fasteignasviði og framkvæmdastjóra að sækja fundinn.
- j) *Reykhólar, prestbústaður, tilboð um kaup á íbúð í raðhúsi.*
Lagðar fram teikningar að raðhúsi, en fyrirhugað er að byggja tvö slík að Reykhólum. Einnig lögð fram drög að viljayfirlýsingu milli Kirkjumálasjóðs og óstofnaðs einkahlutafélags þess aðila sem hyggst byggja raðhúsin. Kirkjuráð samþykkir að ganga til samninga við byggingaraðilann, felur fasteignasviði málið og framkvæmdastjóra að undirrita yfirlýsinguna.
- k) *Reykholtsskógar, samningur, erindi til kirkjuráðs.*
Lögð fram drög að samningi milli Reykholtsstaðar annars vegar og hins vegar Skógræktarfélags Borgarfjarðar og Skógræktarfélags Íslands um Reykholtsskóga. Kirkjuráð samþykkir samninginn, felur ábúanda að undirrita hann og framkvæmdastjóra að staðfesta hann f.h. Kirkjumálasjóðs.
- l) *Staðastaður, auglýsing um laust embætti.*
Málið tekið fyrir. Kirkjuráð ályktar að hlunnindi jarðarinnar verði undanskilin í auglýsingunni með sama hætti og fordæmi eru fyrir. Jörðin verði ekki afhent nýjum sóknarpresti fyrr en niðurstaða fæst í deilur um landamerki. Ákvörðun um að undanskilja hlunnindin verði eftir atvikum endurskoðuð þegar starfshópur um hlunnindamál prestsetursjarða lýkur störfum.
- m) *Mosfell í Grímsnesi, leigusamningur og erindi.*
Erindið lagt fram. Málinu frestað.

6. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

- a. *Arkitektasamkeppni vegna breytinga á vígslubiskupshúsi.*
Sr. Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup í Skálholti emeritus kynnti samkeppnina.
- b. *Umsókn Kirkjumálasjóðs um styrk úr húsafriðunarsjóði 2018 vegna verkefnisins: Viðgerð á gluggum Gerðar Helgadóttur í Skálholtsdómkirkju.*

Umsóknin lögð fram.

- c. *Samstarfssamningur við Alta, ráðgjafarfyrtæki vegna uppbyggingar í Skálholti.*
Málið hefur áður verið á dagskrá kirkjuráðs. Ákveðið var að bjóða fulltrúum fyrirtækisins til fundar við stjórn Skálholts.

**7. ÚTGÁFA NÝRRAR SÁLMABÓKAR. SÁLMABÓKARNEFND,
ERINDI TIL KIRKJURÁÐS 30.11.17**

Erindið lagt fram.

8. ÖNNUR MÁL

Stefán Magnússon kirkjuráðsmaður bar fram svohljóðandi fyrirspurn til forseta kirkjuráðs varðandi stöðu prests í Tjarnaprestakalli: Er áætlað að skipa í stöðu prests í Tjarnaprestakalli á næsta ári. Forseti kirkjuráðs svaraði því til að áætlað væri að skipa í stöðuna frá og með miðju næsta ári.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:25

Næsti fundur er áætlaður 9. janúar 2018.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Oddur Einarsson,
framkvæmdastjóri kirkjuráðs

Séra Elínborg Gísladóttir

Séra Gísli Gunnarsson

Svana Helen Björnsdóttir

Stefán Magnússon

Row Labels	Um hvað er sótt	gjald- endur	Sóknar- gjöld m.kr.	Skuldir m.kr.	skulda- hlutfall	úthluta n 2017 m.kr.	umsókn 2018 m.kr.	tillaga 2018 m.kr.	mis- munur m.kr.	hlutfall um- sóknar
Höfuðkirkjur										
Dómkirkjan í Reykjavík	Endurbætur K/S Skuldir.....	3.406	36,7	82,7	225,3%	5,0	7,5	4,5	-3,0	60,0%
Hallgrímskirkja í Reykjavík	Endurbætur k Skuldir.....	3.123	33,7	280,4	833,1%	15,0	90,0	15,0	-75,0	16,7%
Hallgrímskirkja í Saurbæ	Endurbætur k safnaðarstarf.....	91	0,9	0,0	0,0%	3,0	15,2	7,0	-8,2	45,9%
Hóladómkirkja	(blank).....		0,0	0,0		9,0	10,5	9,0	-1,5	85,7%
Skálholtsdómkirkja	(blank).....							15,0		
Höfuðkirkjur Total		6.620	71,3	363,1		32,0	123,2	50,5	-87,7	
Reykjavíkurbíofastsdæmi vestra										
Ássókn	Rekstur.....	2.185	23,7	23,3	98,4%	4,5	6,0	4,5	-1,5	75,0%
Grensássókn	Endurbætur k.....	3.804	41,7	83,1	199,4%	4,0	5,0	4,0	-1,0	80,0%
Háteigssókn	Endurbætur k.....	4.187	44,2	16,2	36,6%	4,5	6,0	4,5	-1,5	75,0%
Langholtssókn	Endurbætur k.....	2.842	30,5	101,2	331,8%	4,5	5,0	4,0	-1,0	80,0%
Laugarnessókn	Endurbætur k.....	2.865	31,5	17,2	54,6%	4,5	8,0	4,5	-3,5	56,3%
Nessókn	Endurbætur	5.116	57,0	35,5	62,3%	1,0	4,0	2,0	-2,0	50,0%
Seltjarnarnessókn	Skuldir.....	2.638	29,1	49,1	168,7%	4,5	9,0	6,0	-3,0	66,7%
Reykjavíkurbíofastsdæmi vestra Total		23.637	257,7	325,7		27,5	43,0	29,5	-13,5	
Reykjavíkurbíofastsdæmi eystra										
Breiðholtssókn	safnaðarstarf.....	1.872	20,8	3,9	18,9%	5,0	9,0	7,0	-2,0	77,8%
Grafarholtssókn	Endurbætur safnaðarstarf	3.615	37,9	107,5	283,8%	9,0	9,0	5,0	-4,0	55,6%
Grafarvogssókn	Skuldir.....	10.524	114,3	644,7	564,2%	5,0	15,0	5,0	-10,0	33,3%
Kársnessókn	Endurbætur skuldir.....	2.809	29,3	118,3	404,4%	8,0	72,0	23,0	-49,0	31,9%
Lindasókn	Nýframkvæmd.....	8.154	84,6	279,3	330,1%	6,0	10,0	7,0	-3,0	70,0%
Reykjavíkurbíofastsdæmi eystra Total		32.973	352,0	1.158,5		38,0	265,0	47,0	-218,0	
Kjalarnesbíofastsdæmi										
Brautarholtssókn	Endurbætur k.....	382	4,6	0,1	2,9%		2,0	1,0	-1,0	50,0%
Grindavíkursókn	Endurbætur á k/s.....	1.767	18,7	2,5	13,3%	2,5	3,2	1,0	-2,2	31,3%
Reynivallasókn	Endurbætur k.....	135	1,5	0,7	49,2%		0,6	0,5	-0,1	86,2%
Víðistaðasókn	Endurbætur k/S.....	2.935	32,1	13,8	43,0%	2,0	8,0	5,0	-3,0	62,5%
Kjalarnesbíofastsdæmi Total		12.892	137,1	25,7		4,5	17,7	7,5	-10,2	
Vesturlandsbíofastsdæmi										
Borgarnessókn	Endurbætur k s skuldir safnaðarstarf þjónustuhús.....	1.233	13,4	24,3	181,4%	2,5	13,5	3,0	-10,5	22,2%
Bæjarsókn	Endurbætur k.....	42	0,5	0,0	0,0%		0,3	0,2	-0,1	66,7%
Hjarðarholtssókn	Endurbætur k skuld.....	209	2,3	16,9	748,3%		6,6	3,0	-3,6	45,5%
Hvanneyrarsókn	Endurbætur S.....	220	2,5	0,5	20,4%		0,7	0,5	-0,2	71,4%
Kvennabrekkusókn	Endurbætur k.....	65	0,6	0,3	40,9%	0,5	7,5	1,5	-6,0	20,0%
Lundarsókn	Endurbætur k safnaðarstarf.....	51	0,6	1,2	211,4%		0,8	0,8	0,0	100,0%

Row Labels	Um hvað er sótt	gjald- endur	Sóknar- gjöld m.kr.	Skuldir m.kr.	skulda- hlutfall	úthluta n 2017 m.kr.	umsókn 2018 m.kr.	tillaga 2018 m.kr.	mis- munur m.kr.	hlutfall um- sóknar
Reykholts sókn	skuldir	200	2,2	47,8	2218,5%	5,6	5,6	5,6	0,0	100,0%
Setbergssókn	Endurbætur k.....	502	5,6	4,5	79,9%	4,5	10,0	3,5	-6,5	35,0%
Staðarfellssókn	Endurbætur k.....	22	0,3	0,0	0,0%		5,5	1,0	-4,5	18,2%
Stafholtssókn	Endurbætur k safnaðarstarf.....	96	1,0	0,7	67,4%	2,0	3,5	1,5	-2,0	42,9%
Stóra-Vatnshornssókn	Endurbætur k.....	18	0,2	0,0	14,6%	1,0	2,0	0,6	-1,4	30,0%
Stykkishólmssókn	Endurbætur k.....	740	7,8	18,1	231,8%	8,5	2,4	1,5	-0,9	61,8%
Vesturlandsprófastsdæmi Total		3.476	37,4	114,9		24,6	80,3	22,7	-57,7	
Vestfjarðarprófastsdæmi										
Árnessókn	Endurbætur k.....	34	0,4	0,0	5,0%		0,5	0,4	-0,1	80,0%
Bíldalssókn	Endurbætur k.....	143	1,5	0,9	62,8%	0,8	1,2	0,8	-0,4	66,7%
Gufudals- og Reykhólasókn	Endurbætur k/safnaðarstarf.....	140	1,5	2,3	155,0%	1,0	10,1	3,4	-6,7	33,7%
Hólmavíkursókn	Endurbætur k, Nýframkvæmd	261	2,8	1,7	58,9%	3,5	12,0	3,5	-8,5	29,2%
Hólssókn	Skuldir.....	503	5,5	14,0	255,3%	2,5	2,5	2,5	0,0	100,0%
Staðarhólssókn	Endurbætur.....	52	0,5	0,1	22,6%	0,5	3,2	0,5	-2,7	15,9%
Stóra -Laugardalssókn	Skuldir.....	139	1,6	43,8	2800,4%	5,6	5,6	5,6	0,0	100,0%
Vestfjarðarprófastsdæmi Total		1.364	13,8	62,8		13,9	35,5	16,7	-18,8	
Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi										
Blönduóssókn	Skuldir/endurbætur.....	568	5,9	14,1	238,3%	1,0	7,0	2,0	-5,0	28,6%
Glaumbæjarsókn	Endurbætur k.....	77	0,9	0,2	23,3%	4,5	4,2	4,0	-0,2	95,2%
Höfðasókn	Endurbætur.....	314	3,5	7,8	223,6%	1,5	4,1	2,5	-1,6	61,7%
Melstaðarsókn	Endurbætur k.....	104	1,0	3,9	375,4%		3,0	2,0	-1,0	66,7%
Miklabæjarsókn	Endurbætur k.....	51	0,5	0,0	0,0%	1,0	1,5	1,0	-0,5	66,7%
Rípursókn	Endurbætur k	55	0,6	0,0	0,0%	1,5	2,0	1,5	-0,5	75,0%
Sauðárkrókssókn	Nýframkvæmd/endurbætur.....	1.881	20,1	6,9	34,5%		1,5	1,0	-0,5	66,7%
Staðarsókn	Endurbætur.....	48	0,5	1,6	298,3%		1,6	1,5	-0,1	93,8%
Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi Total		3.590	37,8	37,2		14,5	35,5	15,5	-20,0	
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi										
Dalvíkursókn	Skuldir safnaðarstarf.....	975	10,7	23,2	217,3%	1,0	10,6	2,5	-8,1	23,6%
Laufáss- og Grenivíkursókn	(blank).....	251	2,7	5,0	187,0%		2,0	1,5	-0,5	75,0%
Ljósavatnssókn	Endurbóta k Rekstur.....	59				2,0	5,9	2,0	-3,9	33,9%
Nessókn	Endurbætur k skuld.....	101	1,1	0,5	46,1%	0,4	0,8	0,4	-0,4	50,0%
Ólafsfjarðarsókn	Skuldir.....	603	6,6	14,9	226,5%	3,1	3,1	3,1	0,0	100,0%
Snartarstaðasókn	Endurbætur k.....	99	1,2	3,2	263,2%		3,0	2,0	-1,0	66,7%
Þóróddsstaðarsókn	Endurbætur k.....	57	0,7	0,4	53,7%		3,5	2,0	-1,5	57,1%
Þórshafnarsókn	Skuldir.....	250	2,9	16,9	585,0%	3,4	3,4	3,4	0,0	100,0%
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi Total		12.166	115,7	99,0		14,9	62,0	16,9	-45,1	

Row Labels	Um hvað er sótt	gjald- endur	Sóknar- gjöld m.kr.	Skuldir m.kr.	skulda- hlutfall	úthluta n 2017 m.kr.	umsókn 2018 m.kr.	tillaga 2018 m.kr.	mis- munur m.kr.	hlutfall um- sóknar
Austurlandsprófastsdæmi										
Ássókn	Endurbætur S Skuldir safnaðarstarf.....	325	3,6	8,2	228,6%		5,2	3,0	-2,2	57,7%
Djúpavogssókn	Endurbætur skuldir.....	208	2,3	11,4	494,6%	2,5	5,5	2,5	-3,0	45,5%
Eiðasókn	Endurbætur k/ Skuldir.....	70	0,8	2,4	294,5%	2,5	4,1	1,5	-2,6	36,6%
Eskifjarðarsókn	Skuldir/endurbætur.....	588				5,0	5,2	5,2	0,0	100,0%
Hofssókn Djúpavogi	Endurbætur k.....	24	0,3	0,2	69,2%		1,4	1,4	0,0	100,0%
Kirkjubæjarsókn	Endurbætur k/ Safnaðarstarf.....	58	0,7	0,4	57,0%	0,7	1,3	0,8	-0,5	60,0%
Kolfreyjustaðarsókn	Endurbætur k safnaðarstarf.....	445	4,6	0,2	4,8%		9,2	2,5	-6,7	27,2%
Möðrudalssókn	safnaðarstarf.....	3	0,0	0,0	0,0%		0,1	0,1	0,0	100,0%
Norðfjarðarsókn	Endurbætur k.....	921	10,2	1,5	15,1%		10,0	4,0	-6,0	40,0%
Reyðarfjarðarsókn	Endurbætur skuldir.....	650	7,2	13,3	183,8%	3,0	13,5	4,0	-9,5	29,6%
Skeggjastaðasókn	Endurbætur k s skuldir safnaðarstarf þjónustuhús.....	44	0,5	0,8	152,8%	1,0	2,4	1,0	-1,4	41,7%
Sleðbrjótssókn	safnaðarstarf.....	40	0,5	6,4	1383,7%	0,2	0,3	0,3	0,0	100,0%
Stöðvarfjarðarsókn	Endurbætur safnaðarstarf Skuldir.....	136	1,5	3,8	252,5%	2,5	4,5	2,5	-2,0	55,2%
Vallanessókn	Endurbætur k.....	73	0,9	0,9	102,8%		3,6	0,5	-3,1	13,8%
Vopnafjarðarsókn	Endurbætur k/s safnaðarstarf.....	368	3,9	1,0	0	1,0	2,8	1,5	-1,3	53,6%
	Nýframkvæmd/ safnaðarstarf.....	94	1,0	1,0	102,9%	4,0	12,4	3,2	-9,2	25,8%
Austurlandsprófastsdæmi Total		5.799	55,1	51,8		29,0	115,8	34,0	-81,8	
Suðurprófastsdæmi										
Akureyjarsókn	Endurbætur k.....	86	0,9	0,1	10,4%	1,0	2,0	1,0	-1,0	50,0%
Eyrarbakkasókn	Endurbætur k.....	325	3,5	6,2	175,7%	3,5	5,0	3,5	-1,5	70,0%
Gaulverjabæjarsókn	Endurbætur k.....	106	1,2	0,0	1,5%		0,5	0,4	-0,1	80,0%
Hrepphólasókn	Endurbætur k.....	101	1,1	0,1	12,0%		2,4	0,5	-1,9	20,8%
Hveragerðissókn	Endurbætur /safnaðarst.....	1.503	15,9	0,9	5,8%	1,0	1,4	0,8	-0,6	57,1%
Minningarkapella Jóns Steingrímssonar	samkv. Samningi.....		0,0	0,0	0,0%	2,0	0,5	0,5	0,0	100,0%
Oddasókn	Endurbætur S.....	562	6,2	14,6	236,5%	1,0	6,0	4,0	-2,0	66,7%
Prestsbakkasókn	Endurbætur k.....	224	2,5	3,7	148,2%		0,6	0,6	0,0	100,0%
Skarðssókn	Endurbætur k.....	71	0,7	0,0	0,0%		1,0	0,5	-0,5	50,0%
Þingvallasókn	safnaðarstarf.....	26	0,3	0,0	0,0%	0,5	0,5	0,5	0,0	100,0%
Þorláks- og Hjallasókn	Endurbætur k.....	917	9,5	1,0	10,9%		15,0	8,0	-7,0	53,3%
Suðurprófastsdæmi Total		7.353	79,0	49,5		9,0	128,1	20,3	-107,8	
Kirkjumiðstöðvar										
Kirkjumiðstöð austurlands	(blank).....					2,0	2,5	2,0	-0,5	80,0%
Löngumýrarskóli fræðslusetur	(blank).....					3,0	7,5	5,5	-2,0	73,3%
Kirkjumiðstöðvar Total						5,0	10,0	7,5	-2,5	
Stuðningur við söfnuði erlendis										
Íslenska Kirkjan í Luxembourg	(blank).....					1,0	1,0	1,0	0,0	100,0%

Row Labels	Um hvað er sótt	gjald- endur	Sóknar- gjöld m.kr.	Skuldir m.kr.	skulda- hlutfall	úthluta n 2017 m.kr.	umsókn 2018 m.kr.	tillaga 2018 m.kr.	mis- munur m.kr.	hlutfall um- sóknar
Íslenski söfnuðurinn í Gautaborg	(blank).....					1,0	1,0	1,0	0,0	100,0%
Íslenski söfnuðurinn í Kaupmannahöfn	(blank).....					1,0	1,0	1,0	0,0	100,0%
Íslenski söfnuðurinn í London	(blank).....					1,0	1,0	1,0	0,0	100,0%
Íslenski söfnuðurinn í Noregi	(blank).....						1,0	1,0	0,0	100,0%
Stuðningur við söfnuði erlendis Total						4,0	5,0	5,0	0,0	
Styrkur við mannlausar sóknir og bænahús										
Selárdalskirkja	(blank).....						0,5	0,5	0,0	100,0%
Staðarkirkja Grunnavík	(blank).....						2,5	0,5	-2,0	20,0%
Styrkur við mannlausar sóknir og bænahús Total							3,0	1,0	-2,0	
Grand Total			109.870	1.156,8	2.288,2	216,9	924,1	274,0	-665,1	